

## Umsögn um Afurðasjóð Grindavíkurbæjar, 1131. mál

Atvinnuteymi Grindavíkurbæjar veitir umsögn um frumvarpið f.h. Grindavíkurbæjar.

Tilfni er til að fagna framlagningu frumvarpsins sem er mikilvægt skref til að gera fyrirtækjum í Grindavík kleift að halda áfram starfsemi þrátt fyrir yfirstandandi náttúruhamfarir á Reykjanesi.

Atvinnuteymi vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum við frumvarpið:

- 1) Í 2. mgr. 6. gr. er gildissvið frumvarpsins afmarkað við fyrirtæki í þéttbýli Grindavíkur. Vill atvinnuteymi benda á að náttúruhamfarir hafa haft margháttuð áhrif á atvinnustarfsemi utan þéttbýlisins. Sérstaklega er tilfni til þess að þingnefndin ræði stöðu fiskeldisfyrirtækja í Grindavíkurbæ og hvort eðlilegra sé að gildissvið nái til allra fyrirtækja innan sveitarfélagsins Grindavíkurbæjar.
- 2) Í 4. málslíð 1. mgr. 9. gr. er ákvæði sem atvinnuteymi telur óþarft eða a.m.k. einkennilega orðað:

*Ef vettvangi er spillt áður en sjóðnum gefst kostur á að leggja mat á tjónið skal stjórn synja umsókn.*

Uppruni þessa ákvæðis virkar óljós og er sambærilegt ákvæði t.a.m. ekki að finna í lögum um Bjargráðasjóð, nr. 49/2009, sem eru helsta fyrirmynd þess frumvarps sem hér er til umsagnar. Er farið fram á að nefndin skýri nánar tilgang þessa málslíðar eða felli hann ella á brott úr frumvarpinu.

Loks vill atvinnuteymi koma því á framfæri við Alþingi að áhyggjur fara vaxandi af áhrifum náttúruhamfaranna á Reykjanesi á möguleika fyrirtækja til að tryggja starfsemi sína og afla fjármagns til uppbyggingar frá fjárfestum og fjármálafyrirtækjum. Stjórnvöld geta þurft að skoða sérstaklega mögulegar leiðir til að upplýsa fjármálageirann almennt um stöðu og horfur á Reykjanesi m.t.t. náttúruhamfara.

4. Júní 2024

F.h. atvinnuteymis Grindavíkurbæjar



Guðjón Bragason lögfræðingur